

Dags eftirlits	15.3.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6109110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Bryndís Jónasdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	James Hall	Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávík kom fram í eftirlitinu. Tvær ábendingar voru gerðar, annars vegar varðandi ílát undan formalíni sem safnast hafa upp á lóðinni og hins vegar að öryggisblöð eru hvorki aðgengileg þar sem spilliefni eru geymd né þar sem þau eru notuð.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna reglubundins eftirlits í fiskeldisstöð Stolt Sea Farm Iceland hf.

Stolt Sea Farm er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 1.7.2024. Samkvæmt starfsleyfinu er rekstraraðila heimilt að framleiða allt að 2000 tonn á ári af senegalflúru og gullinrafa. Auk þess er heimilt að dæla sjóvatni upp úr borholum við stöðina til nota við eldið og blanda við það affallsvatni frá Reykjanesvirkjun til nota við eldið.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
Samkvæmt starfsleyfi skal á þriggja ára fresti taka sýni úr frárennsli. Síðasta mæling sem Umhverfisstofnun hefur upplýsingar um var gerð í febrúar 2020. Sýni voru tekin í janúar 2023 og verða niðurstöður úr greiningum á þeim sendar Umhverfisstofnun þegar þær berast.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
Farið var yfir hvaða gögnum þarf að skila samkvæmt starfsleyfi fyrir 1. maí ár hvert. Engum gögnum hefur þurft að skila síðan síðasta eftirlit fór fram.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
Farið var yfir áhættumatið. Engar breytingar voru gerðar á því frá síðasta eftirliti.

4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun. Ekki er talin vera nein mengun í jarðvegi á starfsvæði Stolt Sea Farm.

5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

6. Önnur mál

Rekstraraðili hefur undanfarið unnið í umsókn um nýtt starfsleyfi þar sem gildandi starfsleyfi rennur út þann 1. júlí 2024.

Kynnt var heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

7. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Í stöðinni eru öll ker innandyra. Þegar eftirlitið fór fram var áætlað að í stöðinni væru um 240 tonn af senegalflúru, en ekkert af öðrum tegundum.

Nokkuð er um tóm ílát undan formalíni á lóðinni. Rekstraraðila er bent á að fá þjónustuaðila til að sækja þau reglulega svo þau safnist ekki upp á lóðinni með tilheyrandi hættu á að spilliefni komist út í umhverfið.

Öryggisblöð eru aðgengileg við inngang í stöðina en hvorki þar sem spilliefni eru geymd né notuð. Rekstraraðila er bent á að hafa öryggisblöð aðgengileg þar sem þörf getur verið á að hafa þau tiltæk.


ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu, annars vegar hafa ílát undan spilliefnum safnast fyrir á lóðinni og hins vegar er rekstraraðila bent á að hafa öryggisblöð aðgengileg þar sem spilliefni eru geymd og notuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.04.2023


Freyr Avarsson